# Reykjavíkurborg

## ÁRSREIKNINGUR 2004

**APRÍL 2005**

# Reykjavíkurborg

## ÁRSREIKNINGUR 2004

**EFNISYFIRLIT**


| | bls. |
|---|---|
| Frá borgarstjóra ........................................................... | 3 |
| Áritun borgarstjóra ..................................................... | 4 |
| Áritun borgarstjórnar .................................................. | 5 |
| Áritun endurskoðenda .................................................. | 6 |
| Rekstrarreikningur ........................................................ | 7 |
| Efnahagsreikningur ...................................................... | 8-9 |
| Yfirlit um sjóðstreymi .................................................. | 10 |
| Skýringar ....................................................................... | 11-24 |

# Frá borgarstjóra

Á árinu 2004 voru teknar ákvarðanir um mestu umbætur á þjónustu og stjórnskipan Reykjavíkurborgar frá upphafi. Markmið breytinganna eru skýr; annars vegar að bæta enn frekar þjónustu Reykjavíkurborgar við íbúa með stofnun þjónustumiðstöðva í hverfunum og hins vegar að gera stjórnsýsluna gagnsærri og skilvirkari.

Reykjavíkurborg hefur verið óhrædd við að ráðast í umfangsmiklar breytingar á undanförnum árum. Þjóðfélagið hefur tekið miklum stakkaskiptum og borgaryfirvöld hafa ekki gefið sér að fyrirkomulag hvers tíma sé hið eina rétta. Því eru þau stóru skref sem ákveðin voru á árinu 2004 auðstignari en ella. Stjórnendur og starfsfólk Reykjavíkurborgar hafa tamið sér þann hugsunarhátt að sífellt megi gera betur. Því hafa þær kröfur sem gerðar eru til borgarinnar aukist og Reykjavíkurborg lagt sig fram um að mæta þessum auknu kröfum.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar vegna ársins 2004 ber umbótum undanfarinna ára glöggt vitni. Áætlanagerð hefur farið fram þannig að niðurstaða ársins er í takti við það sem lagt var upp með í fjárhagsáætlun og agi og festa í ákvarðanatöku innan ársins verið með því móti að ekki þurftu að koma til neinar aukafjárveitingar árið 2004. Það mun vera í fyrsta skipti sem það gerist.

Áfram verður þó stefnt að því að gera betur og ríður því mikið á að innleiðing breytinga á skipulagi þjónustu og stjórnsýslu takist vel á yfirstandandi ári svo borgarbúar fái notið þeirra ávaxta sem skipulagsbreytingarnar eiga að skila.

Rekstur Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar er í jafnvægi á sama tíma og ráðist er í miklar fjárfestingar, raunar þær mestu sem um getur. Áframhald verður á miklum fjárfestingum á árinu 2005, en síðan fer að draga úr fjárfestingaþörfinni. Umfangsmest er uppbygging hagkvæmra virkjana til eflingar atvinnulífi á suðvesturhorninu og hins vegar uppbygging til eflingar þjónustu við borgarbúa. Ársreikningurinn ber þess einnig merki að ráðist er í þessi stórvirki við hagstæð ytri skilyrði, sem gera fjárfestingarnar hagkvæmari en ella.

Það er gott til þess að hugsa að þegar fer að draga úr miklum fjárfestingum Reykjavíkurborgar munu verkefni á vegum annarra aðila taka við. Má þar nefna sérstaklega uppbyggingu í tengslum við byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhúss, byggingu nýs háskóla í Vatnsmýrinni sem og samgöngumiðstöðvar þar auk þess sem vilyrði hefur verið gefið fyrir lagningu Sundabrautar á næstu árum.

Af þessu er ljóst að áhersla borgaryfirvalda á að byggja upp alþjóðlega borg þar sem lífsgæðum, óskum og þörfum borgarbúa er skipað í öndvegi hefur breiðst út og verið öðrum hvatning til að vinna með Reykjavíkurborg að þessum metnaðarfullu markmiðum.



# Skýrsla og áritun borgarstjóra

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2004 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Reikningshaldi Reykjavíkurborgar er skipt í annars vegar A hluta og hins vegar B hluta. Til A hluta borgarsjóðs telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar og rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt rekstrarreikningi borgarsjóðs voru heildartekjur 37.401,2 mkr. á árinu 2004, en þar af námu skatttekjur 30.702,4 mkr. Álagningarhlutfall útsvars var 12,7%, en lögbundið hámark þess er 13,03%. Álagningarhlutfall fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis nam 0,32%, en lögbundið hámark þess með hækkunarheimild er 0,625%. Álagningarhlutfall fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði nam 1,65% sem er lögbundið hámark. Tap varð af rekstri borgarsjóðs á árinu að fjárhæð 74,3 mkr., en samkvæmt fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir hagnaði að fjárhæð 884,6 mkr. Rekstrarniðurstaða samantekins rekstrarreiknings A og B hluta sýnir hagnað að fjárhæð 5.083,6 mkr.

Laun og launatengd gjöld borgarsjóðs á árinu voru samtals 22.328,5 mkr., en þar af nemur breyting lífeyrisskuldbindingar 3.530,2 mkr. Fjöldi starfsmanna Reykjavíkurborgar var 7.093, þar af voru starfsmenn borgarsjóðs 5.809.

Heildareignir Reykjavíkurborgar samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi námu í árslok 2004 samtals 191.694,2 mkr., en heildarskuldir voru 101.332,7 mkr. Eigið fé nam 90.361,5 mkr.

Í árslok 2004 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg samtals 113.730 en hann var 113.387 árið á undan.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2004 er hér með staðfestur með undirritun.

Reykjavík, 29. apríl 2005



Steinunn Valdís Óskarsdóttir
borgarstjóri

# Áritun borgarstjórnar

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2004 er hér með staðfestur með undirritun.

Reykjavík,  17. maí 2005

Borgarstjórn



# Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna

## Til borgarstjórnar:

Við höfum endurskoðað ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun borgarstjóra, áritun borgarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum borgarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægilega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjavíkurborgar á árinu 2004, efnahag hennar 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 29. apríl 2005

Grant Thornton endurskoðun ehf.

| | |
|---|---|
| Gerður Guðjónsdóttir | Guðmundur Snorrason |
| löggiltur endurskoðandi | löggiltur endurskoðandi |

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Reykjavíkurborgar, höfum yfirfarið ársreikninginn og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 29. apríl 2005

| | |
|---|---|
| Sveinn Jónsson | Sævar Þ. Sigurgeirsson |

# Rekstrarreikningur ársins 2004

| | Skýr | Borgarsjóður A hluti 2004 | Borgarsjóður A hluti Áætlun | Samantekið A og B hluti 2004 | Samantekið A og B hluti Áætlun |
|---|---|---|---|---|---|
| | | .000 | .000 | .000 | .000 |
| **Rekstrartekjur** | 2,22,36 | | | | |
| Skatttekjur ........................................................ | | 30.702.393 | 30.615.000 | 30.524.213 | 30.505.000 |
| Aðrar tekjur ........................................................ | | 6.698.800 | 7.237.087 | 25.611.354 | 25.503.794 |
| **Tekjur samtals** | | **37.401.193** | **37.852.087** | **56.135.567** | **56.008.794** |
| **Rekstrargjöld** | 3 | | | | |
| Laun og launatengd gjöld .................................. | 23 | 18.798.326 | 18.450.182 | 23.951.262 | 23.226.525 |
| Annar rekstrarkostnaður .................................... | | 16.199.832 | 16.607.137 | 21.866.108 | 22.711.948 |
| | | 34.998.158 | 35.057.319 | 45.817.370 | 45.938.473 |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar .......................... | 16,38 | 3.530.221 | 1.738.522 | 3.641.434 | 1.815.522 |
| Afskriftir ............................................................ | 8,28-30 | 1.996.318 | 1.997.048 | 6.788.513 | 6.910.767 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | **40.524.697** | **38.792.889** | **56.247.317** | **54.664.762** |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ....................** | | **( 3.123.504 )** | **( 940.802 )** | **( 111.750 )** | **1.344.032** |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | 4 | | | | |
| Fjármagnsliðir .................................................... | 24 | 3.049.194 | 1.825.452 | 2.263.720 | ( 1.193.042 ) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | | **3.049.194** | **1.825.452** | **2.263.720** | **( 1.193.042 )** |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir áhrif hlutdeildarfélaga** | | **( 74.310 )** | **884.650** | **2.151.970** | **150.990** |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga ................. | 9,25 | | | 3.218.341 | 0 |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga ....... | | | | ( 286.667 ) | 51.000 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins ...................................** | 26 | **( 74.310 )** | **884.650** | **5.083.644** | **201.990** |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2004

## Eignir

| | Skýr | Borgarsjóður A hluti 2004 | Borgarsjóður A hluti 2003 | Samantekið A og B hluti 2004 | Samantekið A og B hluti 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| | | .000 | .000 | .000 | .000 |
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Óefnislegar eignir o.fl. | | | | | |
| Ýmsar óefnislegar eignir | 5,27 | | | 94.440 | 262.757 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6,7,8 | | | | |
| Fasteignir | | 46.795.334 | 44.923.102 | 81.007.072 | 77.107.829 |
| Veitukerfi | | 0 | 0 | 67.367.020 | 61.859.608 |
| Gatnakerfi | | 2.815.666 | 1.237.312 | 2.942.393 | 1.339.391 |
| Áhöld og tæki | | 694.428 | 566.425 | 4.023.546 | 4.086.273 |
| | 28-29 | **50.305.428** | **46.726.839** | **155.340.031** | **144.393.101** |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutar í félögum | 9,34 | 20.665.855 | 20.550.973 | 23.651.054 | 19.271.299 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 10,11,35 | 7.091.410 | 7.008.485 | 0 | 0 |
| Aðrar langtímakröfur | 35 | 484.033 | 1.020.324 | 801.922 | 1.490.670 |
| Bundnar bankainnstæður | | 0 | 0 | 212.104 | 120.168 |
| | | **28.241.298** | **28.579.782** | **24.665.080** | **20.882.137** |
| **Fastafjármunir** | | **78.546.726** | **75.306.621** | **180.099.551** | **165.537.995** |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Birgðir | 12 | | | 585.409 | 540.054 |
| Skammtímakröfur: | 11,13,36 | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | | 4.960.639 | 4.531.722 | 7.296.938 | 6.760.275 |
| Næsta árs afborganir langtímakr. á eigin ft. | | 113.209 | 66.025 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir annarra langtímakr. | | 245.527 | 512.841 | 399.931 | 653.524 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki | | 406.370 | 97.062 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 1.633.741 | 1.145.932 | 2.232.201 | 1.313.040 |
| | | 7.359.486 | 6.353.582 | 9.929.070 | 8.726.839 |
| Handbært fé | 14 | 110.130 | 50.597 | 1.080.189 | 1.473.597 |
| **Veltufjármunir** | | **7.469.616** | **6.404.179** | **11.594.668** | **10.740.490** |
| **Eignir samtals** | | **86.016.342** | **81.710.800** | **191.694.219** | **176.278.485** |

***Eignir utan efnahagsreiknings*** ............. 15

# Efnahagsreikningur 31. desember 2004

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr | Borgarsjóður A hluti 2004 | Borgarsjóður A hluti 2003 | Samantekið A og B hluti 2004 | Samantekið A og B hluti 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| | | .000 | .000 | .000 | .000 |
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eigið fé ............................................................ | 37 | **36.089.502** | **36.163.811** | **90.361.501** | **83.717.333** |
| **Hlutdeild minnihluta** | | | | | |
| Hlutdeild minnihluta í dótturfélögum ................ | | | | 3.534.107 | 3.381.858 |
| | | | | **3.534.107** | **3.381.858** |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar ....................................... | 16,38 | 28.203.738 | 25.478.265 | 29.412.958 | 26.620.464 |
| Aðrar skuldbindingar ......................................... | 16,17 | 45.310 | 45.553 | 103.143 | 92.329 |
| | | **28.249.048** | **25.523.818** | **29.516.101** | **26.712.793** |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Langtímaskuldir við lánastofnanir ..................... | 18,39 | 14.389.775 | 13.986.409 | 57.833.925 | 54.661.407 |
| Næsta árs afborgun langtímalána við lánast. ...... | 40 | ( 451.579 ) | ( 1.251.510 ) | ( 3.654.221 ) | ( 2.547.429 ) |
| | | **13.938.196** | **12.734.899** | **54.179.704** | **52.113.978** |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir .................................... | | 693.572 | 1.940.065 | 1.774.695 | 2.589.203 |
| Viðskiptaskuldir ................................................. | | 2.236.145 | 1.314.820 | 3.480.230 | 2.048.772 |
| Næsta árs afborganir langtímalána við lánast.. ... | 40 | 451.579 | 1.251.510 | 3.654.221 | 2.547.429 |
| Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga ........ | 38 | 656.623 | 472.094 | 699.551 | 512.629 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki .................................. | | 72.743 | 188.021 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir .................................... | | 3.628.934 | 2.121.762 | 4.494.109 | 2.654.490 |
| | | **7.739.596** | **7.288.272** | **14.102.806** | **10.352.523** |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | **49.926.840** | **45.546.989** | **101.332.718** | **92.561.152** |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | **86.016.342** | **81.710.800** | **191.694.219** | **176.278.485** |

***Skuldbindingar utan efnahagsreiknings*** .. 19,41-43

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2004

| | Skýr | Borgarsjóður A hluti 2004 | Borgarsjóður A hluti Áætlun | Samantekið A og B hluti 2004 | Samantekið A og B hluti Áætlun |
|---|---|---|---|---|---|
| | | .000 | .000 | .000 | .000 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Niðurstaða ársins ................................................ | | ( 74.310 ) | 884.650 | 5.083.644 | 201.990 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Söluhagnaður eigna .......................................... | | ( 346.951 ) | ( 1.295.512 ) | ( 547.697 ) | ( 1.350.297 ) |
| Reiknaðar afskriftir .......................................... | 27-30 | 1.996.318 | 1.997.048 | 6.788.513 | 6.910.767 |
| Verðbætur og gengism. langtímask./krafna ...... | 4 | ( 1.274.600 ) | ( 135.000 ) | ( 3.448.400 ) | 168.248 |
| Framlag í afskriftareikning viðskiptakr. ............ | | 0 | 0 | 38.893 | 43.767 |
| Afskrifuð verðbréf / afföll ................................ | | 1.278 | 0 | 86.101 | 68.406 |
| Áhrif dótturfélaga og hlutdeild minnihluta ....... | | 0 | 0 | ( 2.931.673 ) | ( 51.000 ) |
| Breyting tekjuskatts- og lífeyrisskuldbindinga . | | 3.530.221 | 1.738.522 | 3.652.450 | 1.834.321 |
| **Veltufé frá rekstri** | | **3.831.956** | **3.189.708** | **8.721.831** | **7.826.202** |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | **( 646.387 )** | **( 555.781 )** | **( 688.315 )** | **( 635.502 )** |
| **Handbært fé frá rekstri** | | **3.185.569** | **2.633.927** | **8.033.516** | **7.190.700** |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | 21 | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ...... | | ( 7.126.796 ) | ( 6.689.400 ) | ( 17.712.899 ) | ( 18.300.514 ) |
| Kaup á áhöldum og tækjum .............................. | | ( 205.235 ) | ( 62.500 ) | ( 1.875.456 ) | ( 713.375 ) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna ....................... | | 874.300 | 2.230.000 | 1.529.978 | 2.954.484 |
| Gatnagerðagjöld/jöfnunarsjóður/lóðagjöld ........ | | 1.229.775 | 1.200.000 | 1.510.014 | 1.400.000 |
| Breyting á eignarhlutum ..................................... | | ( 115.000 ) | ( 115.000 ) | 99.987 | 78.100 |
| Skammtímafjármögnun fjárfestinga .................. | | 918.310 | 0 | 931.108 | 49.825 |
| Bundnar bankainnstæður o.fl. ............................ | | 0 | 0 | ( 91.937 ) | 0 |
| Langtímakröfur, breyting ................................... | | 944.568 | 230.000 | 1.201.298 | 92.654 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | **( 3.480.078 )** | **( 3.206.900 )** | **( 14.407.907 )** | **( 14.438.826 )** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Tekin ný langtímalán ......................................... | | 2.543.674 | 1.885.000 | 9.343.158 | 9.373.213 |
| Afborganir langtímalána .................................... | | ( 1.138.183 ) | ( 1.310.000 ) | ( 2.485.209 ) | ( 2.184.140 ) |
| Innborgað hlutafé / aðrar breytingar á eigin fé ... | | 0 | 0 | 37.139 | ( 125.058 ) |
| Skammtímafjármögnun ...................................... | | ( 680.752 ) | 0 | ( 816.107 ) | ( 407.879 ) |
| Arður .................................................................. | | 0 | 0 | ( 108.103 ) | ( 93.000 ) |
| Viðskiptastaða við eigin fyrirtæki, breyting ....... | | ( 370.697 ) | 0 | 0 | 194.820 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | **354.042** | **575.000** | **5.970.878** | **6.757.956** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé .......................** | | **59.533** | **2.027** | **( 403.513 )** | **( 490.170 )** |
| **Handbært fé í ársbyrjun .....................................** | | **50.597** | **48.118** | **1.473.597** | **1.422.642** |
| **Breytingar á félögum í samstæðu .......................** | | | | **10.105** | **0** |
| **Handbært fé í árslok ............................................** | 21 | **110.130** | **50.145** | **1.080.189** | **932.472** |

# Skýringar

1. Ársreikningur Reykjavíkurborgar hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi hennar, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta, þ.e. borgarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð, Fasteignastofu, Skipulagssjóð og Innkaupastofnun Reykjavíkur. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þessara fyrirtækja er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi borgarinnar eru Aflvaki hf., Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Félagsbústaðir hf., Fráveita Reykjavíkur, Íþrótta- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Reykjavíkurhöfn, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs., Strætó bs. og Vélamiðstöð ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 144/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga borgarinnar. Af viðskiptum milli rekstrareininga borgarinnar má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Fasteignastofu og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti á viðskiptastöðu og langtímalán vegna yfirfærslu eigna og fjárfestinga.

## Reikningsskilaaðferðir

### *Innlausn tekna*

2. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Skatttekjur eru útsvar, fasteignaskattar og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Framlög til stofnkostnaðar og innheimt gjöld vegna framkvæmda eru tekjufærð í rekstrarreikningi á nýtingartíma fjárfestingarinnar, nema ef um óverulegar fjárhæðir er að ræða. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning á meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### *Lotun gjalda*

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### *Verðlags- og gengisviðmið*

4. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### *Óefnislegar eignir*

**5.** Rannsóknarkostnaður er eignfærður í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign, ef ásættanlegar líkur eru á því að verkefnið skili tekjum síðar. Kostnaðurinn er færður til gjalda á 8 árum.

### *Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna*

**6.** Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

### *Eignir teknar á leigu*

**7.** Leigusamningar, þar sem meginhluti ávinnings eða áhættu er á ábyrgð borgarinnar, eru flokkaðir sem eignaleigusamningar. Þess konar samningar geta verið um einkaframkvæmd eða fjármögnunarleigu. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem aflað er með slíkum leigusamningum, eru færðir til eignar á matsverði, markaðsverði eða núvirði lágmarks leigugreiðslna við upphaf leigutíma, að frádregnum afskriftum.

### *Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna*

**8.** Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Byggingar, skrifstofu- og skólahúsnæði .............................................................. | 40 ár |
| Aðrar byggingar .................................................................................................... | 25-50 ár |
| Lóðir og lönd vegna skipulags ............................................................................ | 25 ár |
| Gatnakerfi ............................................................................................................. | 25 ár |
| Veitukerfi .............................................................................................................. | 25-40 ár |
| Orkuveitan, orkuver .............................................................................................. | 0-15 ár |
| Orkuveitan, hitaveitu- og rafveitukerfi ................................................................ | 10-50 ár |
| Orkuveitan, gagnaflutningskerfi .......................................................................... | 25 ár |
| Áhöld og tæki ....................................................................................................... | 3-15 ár |

### *Eignarhlutir í félögum*

**9.** Í ársreikningi aðalsjóðs eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð eignarhluta í árslok 2001 er þó óbreytt í ársreikningnum. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög borgarsjóðs til byggðasamlaga teljast hluti kostnaðar viðeigandi málaflokks.

Í samanteknum ársreikningi A og B hluta eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild borgarinnar í afkomu og eigin fé hlutdeildarfélaga er færð í ársreikninginn, samanber skýringar 25 og 34. Eignarhlutir í félögum, þar sem borgin á minna en 20% eignarhlut, eru færðir á kostnaðarverði.

Niðurfærsla eignarhluta í félögum er reiknuð og færð í ársreikninginn að undangengnu mati.

### *Langtímakröfur*

10. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör að teknu tilliti til niðurfærslu, sbr. skýringu 11. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi á meðal veltufjármuna.

### *Niðurfærslur krafna*

11. Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi, sbr. skýringu 36. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

### *Birgðir*

12. Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

### *Skammtímakröfur*

13. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. skýringu 11 um niðurfærslu krafna.

### *Handbært fé*

14. Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

### *Eignir utan efnahagsreiknings*

15. Lönd og lóðir í eigu borgarsjóðs eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, nema þau hafi verið keypt á undanförnum árum vegna skipulags eða lóðaúthlutunar. Fasteignamat þeirra lóða sem ekki eru eignfærðar nam 139.476 mkr. í árslok 2004.

### *Skuldbindingar*

16. Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna borgarinnar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er færð í rekstrarreikning, sbr. skýringu 38.

Aðrar skuldbindingar í efnahagsreikningi eru að mestu leyti ábyrgðir Húsnæðisnefndar Reykjavíkur vegna byggingargalla.

### *Tekjuskattsskuldbinding*

17. Tekjuskattsskuldbinding félaga í eigu borgarsjóðs er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félaganna er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

### *Langtímaskuldir*

18. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um, sbr. skýringar 39 og 40.

### *Skuldbindingar utan efnahagsreiknings*

**19.** Yfirlit um skuldbindingar og ábyrgðir aðalsjóðs utan efnahagsreiknings er birt í skýringum 41 til 43. Hvað skuldbindingar varðar er annars vegar um að ræða loforð um framlög og styrki og hins vegar núvirtar greiðslur samkvæmt samningi um rekstrarleigu íþróttamannvirkis.

Leigusamningar, þar sem meginhluti ávinnings eða áhættu er ekki á ábyrgð aðalsjóðs, eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar. Þess konar samningar geta verið um einkaframkvæmd eða fjármögnunarleigu. Árleg leigufjárhæð vegna slíkra samninga er gjaldfærð í rekstrarreikningi, en núvirt skuldbinding utan efnahagsreiknings er tilgreind í skýringu 41.

### *Fjárhagsáætlun*

**20.** Fjárhagsáætlun fyrir árið 2004 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

### *Yfirlit um sjóðstreymi*

**21.** Í fjárfestingarhreyfingum í yfirliti um sjóðstreymi er færð sú fjárfesting borgarinnar, sem hefur áhrif á handbært fé. Að auki er tilgreind sú fjárfesting, sem ráðist er í og fjármögnuð er með viðskiptaskuld eða lánssamningi.

## Rekstrartekjur

**22.** Rekstrartekjur greinast þannig í þús. kr.:

| | **Borgarsjóður A hluti** | | **Samantekið A og B hluti** | |
|---|---|---|---|---|
| | **Ársreikningur 2004** | **Áætlun 2004** | **Ársreikningur 2004** | **Áætlun 2004** |
| ***Skatttekjur*** | | | | |
| Útsvar ......... | 26.650.625 | 26.763.000 | 26.650.625 | 26.763.000 |
| Hlutur Jöfnunarsjóðs ......... | ( 1.526.912 ) | ( 1.623.000) | ( 1.526.912 ) | ( 1.623.000) |
| Fasteignaskattar ......... | 5.443.610 | 5.420.000 | 5.443.610 | 5.420.000 |
| Lóðarleiga ......... | 294.742 | 290.000 | 294.742 | 290.000 |
